

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425 19. júlí 1995.

1. gr.

a-liður ákvæðis til bráðabirgða orðist þannig:

- a. Eftir 31. desember 1996 skal vagnlest sem samanstendur af bifreið og festivagni ekki vera lengri en 19,5 m og vagnlest sem samanstendur af bifreið og tengivagni ekki lengri en 22 m.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

28. september 1996

Nr. 524

REGLUGERÐ

um greiðslu atvinnuleysisbóta.

I. KAFLI

Biðtími eftir atvinnuleysisbótum.

1. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast þeim sem verið hefur atvinnulaus í þrjá daga samfelt.

Atvinnuleysisbætur greiðast frá og með fyrsta skráningardegi, enda hafi tekjur hlutaðeigandi síðustu sex mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum hámarksatvinnuleysisbótum á mánuði.

2. gr.

Nú voru meðaltekjur hlutaðeigandi fyrir skatt síðustu sex mánuði fyrir skráningu, hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum hámarksatvinnuleysisbótum á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysisbóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum.

Biðtíminn reiknast þannig að fundin eru meðallaun á dag með því að deila í meðal-mánaðarlaun hlutaðeigandi síðustu sex mánuði fyrir skráningu með tölunni 21.67. Síðan er deilt með þeirri tölu sem þannig fæst, upp í mismuninn á meðalmánaðarlaunum hans og tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði og segir sú tala sem þannig fæst, til um fjölda biðdaga eftir bótum.

II. KAFLI

Skerðing biðtíma milli atvinnuleysisstímabila.

3. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga, nema laugardaga og sunnudaga, á hverju bótatímabili sem er 260 virkir dagar.